

# *Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.*

## FUNDARGERÐ

### 19. fundur

Fundur var haldinn í byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga fimmtudaginn 15. janúar árið 2009. Fundurinn var haldinn hjá Þingeyjarsveit að Kjarna á Laugum og hófst hann kl. 13<sup>00</sup>.

Fundinn sátu:

Helgi Hallsson, Eiður Árnason, Kolbeinn Kjartansson og Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi.

1. **200812010 – Erindi frá Birni G. Yngvasyni Skútustöðum 2, Skútustaðahreppi**

Björn G. Yngvason sækir um byggingarleyfi fyrir gistiskála að Skútustöðum sem staðið hefur þar á stöðuleyfi. Gistiskálinn er gámaeiningar sem raðað hefur verið saman og reist þak á.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að gengið verði frá deiliskipulagi og fullnægjandi teikningum.*

2. **200812006 - Erindi frá Brynjólfi H. Magnússyni og Huldu Björgu Kristjánsdóttur Vestursíðu 20, Akureyri**

Brynjólfur H. Magnússon og Hulda Björg Kristjánsdóttir sækja um byggingarleyfi fyrir einbýlishús á lóð úr landi Veturliðastaða. Húsið er steinsteypt 238,8 m<sup>2</sup> að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Þresti Sigurðssyni á Opus ehf.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um skil á þinglýstum lóðarsamningi.*

3. **200901017 - Erindi frá Ingvari Sveinbjörnssyni Háagerði 10, Húsavík**

Ingvar Sveinbjörnsson sækir um byggingarleyfi fyrir breytingum og lagfæringum á íbúðarhúsi og útihúsum að Sólborg í Flatey.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um skil á fullnægjandi teikningum og lóðarsamningi.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14<sup>00</sup>.

Eiður Árnason  
Helgi Hallsson  
Kolbeinn Kjartansson  
Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi